



Undirbúningstími í leikskólum: Hagur barna

Sara M. Ólafsdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir,
Margrét S. Björnsdóttir og Kristín Karlsdóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Rannsóknin byggir á fræðikenningum um aðkomu barna að leikskólastarfi, þátttöku þeirra og réttindum til að hafa áhrif á daglegt starf. Slíkt krefst virks samráðs við börn og þekkingu og skilning á hvernig best sé að nálgast sjónarmið þeirra. Ein leið til þess að meta gæði leikskólastarfs er að rýna í líðan barna og þátttöku í leik og daglegu starfi þar sem skráningar geta nýst til að skipuleggja nám þeirra. Undirbúningstímar leikskólakennara eru liður í að halda uppi gæðum leikskólastarfs. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hver hagur barna er af undirbúningstíma leikskólakennara og hvaða tækifæri börn hafa til þátttöku. Tilgangurinn var að koma auga á rými fyrir börn til að hafa aukin áhrif á mótun leikskólastarfs. Tekin voru einstaklingsviðtöl við 24 starfsmenn í 8 leikskólum víðs vegar um landið. Helstu niðurstöður sýna að lengri tími leikskólakennara til undirbúnings leiddi til þess að þeir voru minna með börnum á deildinni sem gat komið niður á gæðum leikskólastarfsins. Áhersla var á að undirbúa starfið, utan deildar, fyrir börnin en ekki með börnunum. Leikskólakennararnir sáu að nota mætti hluta aukins undirbúningstíma til að hlusta betur á börnin og auka þátttöku þeirra í skipulagningu leikskólastarfsins. Til að tryggja betur hagsmuni barna ættu leikskólakennarar því að taka hluta af undirbúningstíma sínum inni á deild með börnunum. Þar geta þeir þróað starfið með því að hlusta betur á sjónarmið barna, gert skráningar á leik og haft samráð við börnin um skipulagningu daglegs starfs. Þannig geta börnin orðið hluti af lærdóms-samfélagi leikskóla.

Efnisorð: undirbúningstími, leikskóli, réttindi leikskólakennara, réttindi barna, hagur barna

Inngangur

Einn liður í að bæta starfsaðstæður leikskólakennara var að auka verulega við tíma til undirbúnings í kjarasamningum Félags leikskólakennara (FL) frá 2020. Til að mynda hafði leikskólakennari í fullu starfi, sem er jafnframt deildarstjóri, áður 5 tíma á viku til undirbúnings en hefur núna 10 tíma til þess. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar á þessum breytingum á undirbúningstíma leikskólakennara sýndu að almenn ánægja var með aukinn undirbúningstíma sem yfirleitt var nýttur utan deildar og verkefnin oftast unnin í tölvu. Allur gangur var á hvenær dags undirbúningsvinna fór fram en forgangsroðun verkefna tók mið af áætlanagerð og árstíðabundnum verkefnum. Margir þátttakendanna lýstu yfir auknum áhyggjum af mikilli fjarveru leikskólakennara af deildum (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2022). Þegar rýnt er í rannsóknir á Norðurlöndum kemur fram töluverður munur á þeim tíma sem annars vegar íslenskir leikskólakennarar fá til undirbúnings og hins vegar leikskólakennarar í Noregi og Svíþjóð. Í norskrri rannsókn á undirbúningstíma (n. planleggingstid) leikskólakennara

kom fram að flestir þeirra notuðu fjóra tíma á viku til þess að undirbúa starfið á deildinni (Utdanningsforbundet, 2018). Í Svíþjóð eiga leikskólakennarar rétt á 6 tímum til undirbúnings á viku séu þeir í 75% starfi eða meira. Þar hefur undirbúningstími leikskólakennara verið kallaður barnlaus tími (s. barnfri tid) sem vísar til tíma sem varið er utan deildar (Lärarförbundet, 2015). Komið hafa fram vangaveltur um hvort það heiti sé jákvætt eða neikvætt með tilliti til hagsmuna barna (Kennedy, 2007). Miðað við þær upplýsingar sem til eru um undirbúningstíma í leikskólum er erfitt að átta sig á hvernig þessi tími nýtist börnum og hvort fjarvera leikskólakennara af deildum hafi áhrif á gæði starfsins. Afar fáar rannsóknir hafa verið gerðar á undirbúningstíma í leikskólum, bæði hérlandis og erlendis, en markmið þessarar rannsóknar er að skoða hver sé hagur barna af auknum undirbúningstíma leikskólakennara og hver tækifæri þeirra eru til þátttöku í skipulagningu leikskólastarfs.

Rannsóknin sem hér er til umræðu er hluti af stærra rannsóknarverkefni um undirbúningstíma leikskólakennara sem unnin var af fjórum rannsakendum á vegum Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng). Til að koma niðurstöðum rannsóknarinnar á framfæri fékkst styrkur úr sjóði vegna stuðnings akademískra starfsmanna við samfélagsvirkni.

Bakgrunnur rannsóknarinnar

Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar sem hér er fjallað um tengist hagsmunum barna og gæðum leikskólastarfs. Rannsóknir hafa bent á mikilvægi þess að börn hafi aðkomu að leikskólastarfi, séu virkir þátttakendur og hafi tækifæri til að hafa áhrif á mótun starfsins. Slíkt krefst virks samráðs við börn og þekkingu og skilnings á hvernig best sé að nálgast sjónarmið barna (Lundy, 2007). Ein leið til að meta gæði leikskólastarfs er að rýna í líðan barna og þátttöku í leik og daglegu starfi (Laevens, 2017; Wood, 2013), ásamt að nýta skráningar til að skipuleggja næstu skref í námi þeirra (Carr, 2001; Formosinho og Formosinho, 2016).

Hagur barna

Hagur barna er yfirgripsmikið hugtak en það snýr meðal annars að velferð þeirra og öryggi. Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu skólastarfi. Börn eiga að taka virkan þátt í leikskólastarfi þar sem lagður er grunnur að því að þau verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (lög um leikskóla nr. 90/2008). Í lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 19/2013), sem oft er kallaður Barnasáttmálinn, kemur fram að það sem barni er fyrir bestu á ávallt að vera í forgrunni. Veita á börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og þau eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem þau varða. Því þurfa börn að fá tækifæri til að mynda sér skoðanir, stuðning til að tjá þær og áheyrendur sem bregðast við sjónarmiðum þeirra (Lundy, 2007).

Í *Aðalnámskrá leikskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012), sem er stjórnþæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, er bent á að leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdóms-samfélag þar sem börn eru virkir þátttakendur. Þau eiga meðal annars að hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskóla. Fram kemur að lýðræðislegt leikskólastarf byggir á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum. Þarfir og áhugi barna á að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskóla. Börn eiga að upplifa að þau séu hluti af leikskólasamfélagi þar sem réttlæti og virðing eru einkenni samskipta. Skólanámskrá leikskóla á að vinna í samvinnu við börn og eiga áherslur og viðmið í starfi leikskóla að mótast í samræðum, meðal annars við börn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Starfsáætlun leikskólans og innra mat á starfsemi leikskóla á að fara fram á lýðræðislegan hátt þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu. Þar eiga sjónarmið barna að vega þungt.

Leikur tengist hagsmunum barna og réttindum þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að leikur er mikilvægur fyrir félags- og tilfinningalega vellíðan barna. Börn læra í leik með öðrum börnum og með stuðningi fullorðinna. Í leik læra þau meðal annars að leysa vandamál, taka ákvarðanir í samvinnu við önnur

börn, byggja upp sjálfstraust og fjölbreytta færni (Kingdon og Gasper, 2020; MacDonald, 2022). Í lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 19/2013) kemur fram að börn eiga rétt á að leika sér en það þýðir að tryggja þarf öllum börnum tíma og tækifæri til leiks (Waters-Davies, 2022). Bent hefur verið á að börn þurfa samfelldan tíma til að leika sér á eigin forsendum (Wood, 2014). Það er í samræmi við áherslur í *Aðalnámskrá leikskóla* (Menntamálastofnun, e.d.) þar sem greint er frá að leikur er meginnámsleið barna og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna; einnig að börn eiga að fá tækifæri til þess að leika sér meirihluta leikskóladagsins þar sem leikur er þýðingarmikill fyrir börn, vellíðan þeirra og fullgildi (Menntamálastofnun, e.d.). Í leik líður börnum vel og eru ánægð ef þau eru í öruggu umhverfi, finna traust frá starfsfólki, eru virkir þátttakendur og fá tækifæri til þess að taka ákvarðanir (Sara M. Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016). Þrátt fyrir þessa stefnumótun og rannsóknarniðurstöður hefur komið fram að börn fá oft takmarkaðan tíma til leiks í leikskólum þar sem hann fær ekki nægilegt svigrúm í dagskipulagi (Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Dýrfjörð, 2021). Auk þess hefur verið bent á að leikskólakennarar eru oft uppteknir við aðra iðju þegar börn leika sér, til dæmis eru þeir í undirbúningi, á fundum eða að ræða við annað starfsfólk (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2022; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Fram hefur komið að börn vilja hafa leikskólakennara til staðar þegar þau leika sér þar sem umhyggja, viðurkenning og þátttaka þeirra skiptir þau máli (Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2019). Börn í veikri valdastöðu þurfa sérstaklega á stuðningi leikskólakennara að halda þar sem þau standa oft utan við leikinn, eru útilokuð eða hafa ekki sömu tækifæri í leik, t.d. vegna tungumálafærni og menningarbakgrunns (Arvola o.fl., 2017; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Juutinen (2018) hefur bent á að sum börn eru oftár útilokuð frá leik þegar fullorðnir eru ekki viðstaddir. Þau þurfa stuðning leikskólakennara til þátttöku í leik svo að þau upplifi að þau tilheyri samfélagi leikskólans. Til að tryggja hagsmuni barna, svo sem vellíðan þeirra, þátttöku og fullgildi, þurfa þau að vera þátttakendur í gæðaleikskólastarfi þar sem hlustað er á þau, þau eru virkir þátttakendur og læra í leik með öðrum börnum. Laevers (2017) bendir á að árangursrík leið til að meta gæði leikskólastarfs er að rýna í tilfinningalega líðan barna og þátttöku þeirra í leik og daglegu starfi leikskóla.

Gæði leikskólastarfs

Gæði leikskólastarfs eru mikilvæg fyrir nám og vellíðan barna en rannsóknir hafa sýnt að gæðin geta verið mismikil frá einum leikskóla til annars (Eadie o.fl., 2022). Í rannsókn Manning og félaga (2017) á gæðum leikskólastarfs kemur fram jákvætt samband á milli menntunar kennara og gæða menntunar barna, þ.e. að með auknum fjölda leikskólakennara verði starfið faglegra og betra fyrir börnin. Samskipti leika þar stórt hlutverk þar sem börn læra í leik með hvatningu og stuðningi frá leikskólakennurum og starfsfólki leikskóla (Karademir o.fl., 2017). Rannsóknir hafa sýnt að leikskólakennarar og leiðbeinendur hafa mismunandi sýn á nám barna þar sem leikskólakennarar hafa meiri þekkingu og eru því faglegrir (Hrönn Pálmadóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2007). Góð samvinna og samstaða milli leikskólakennara og leiðbeinenda getur þó skilað sér í gæðamenntun fyrir börn (Karademir o.fl., 2017). Með meiri undirbúningstíma er hægt að vinna að auknum gæðum starfsins en á sama tíma minnkar viðvera leikskólakennara á deild með börnunum. Því er mikilvægt að skoða hvaða áhrif aukinn tími til undirbúnings hefur á vellíðan og gæði náms fyrir börn.

Hlutverk leikskólakennara er fjölbreytt og snýr að margbreytilegum þáttum. Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) tengist hlutverk þeirra kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknum og þróunarstarfi. Fagmennska leikskólakennara byggist á menntun þeirra, þekkingu, viðhorfum og siðferði en gæði menntunar felast í vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Skipulagning og mat á leikskólastarfi eru mikilvægur liður í þróun þess og gæðum en það ferli er samofið daglegu starfi. Einn þáttur sem vinna þarf að í undirbúnings-tíma er að skapa námsumhverfi sem styður við þátttöku barna í leik, þar sem sýnt hefur verið fram á jákvæð tengsl milli þess og vellíðanar barna (Laevers, 2017; Storli og Hansen Sandseter, 2019). Mikilvægt er að bjóða börnum upp á fjölbreytt tækifæri til þess að leika sér og að leikskólastarfið sé á forsendum barna (Laevers, 2017). Huga þarf að þáttum eins og efniviði, viðfangsefnum, stærð

barnahópa, dagskipulagi og samskiptum milli barna og leikskólastarfsfólks. Wood (2013) bendir þó á að leikskólakennarar geti ekki notað undirbúningstíma sinn til þess að skipuleggja leik barna, börn gera það sjálf; þeir geti hins vegar undirbúið leikinn eða réttara sagt leikumhverfið. Bent hefur verið á að hlutverk leikskólakennara sé að skipuleggja leikaðstöðu barna, aðgengi að efniviði og val á leikfélögum (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Wood, 2013).

Því má segja að gæði leikskólastarfs byggi ekki eingöngu á að leikskólakennarar skipuleggi starfið út frá þeirri stefnumótun sem m.a. kemur fram í aðalnámskrá því að í forgrunni þurfi að vera gott skipulag þar sem fylgt er markvissri stefnu leikskólans samkvæmt skólanámskrá. Samt sem áður hafa rannsóknarniðurstöður sýnt að þótt grundvöllur vel unninnar stefnu sé mikilvægur þá sé mikilvægara að börnin fái rými til leiks og að þau séu studd til áhrifa í daglegu lífi sínu (Kristín Karlsdóttir o.fl., 2019). Gæði leikskólastarfsins felast því meðal annars í virkri þátttöku barna þar sem leikskólakennarar hlusta á viðhorf þeirra og byggja á gagnvirkum samskiptamáta þar sem valdajafnvægi ríkir milli barna og fullorðinna. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að sjónarmið barna geta verið vegvísir að þróun og breytingum á leikskólastarfi (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2022).

Sú nálgun í leikskólastarfi að gera skráningar, t.d. uppeldisfræðilega skráningu (Rinaldi, 2021) eða námssögur (Carr, 2001), hefur m.a. verið notuð í þeim tilgangi að hlusta á börn og fylgja eftir réttindum þeirra til áhrifa í eigin lífi en einnig til að skapa námssamfélag allra hagsmunaaðila, svo sem kennara, barna og fjölskyldna þeirra (de Sousa, 2022). Við gerð uppeldisfræðilegra skráninga fylgjast leikskólakennarar með leik og athöfnum barna, lýsa því sem tjáð er, ræða, ígrunda og túlka það sem fram fer. Þær upplýsingar sem þannig verða til nota leikskólakennarar til að þróa eigin fagmennsku og skipuleggja daglegt starf sem tekur mið af sjónarmiðum barna (Fochi, 2022; Formosinho og Formosinho, 2016). Samkvæmt Carr og Lee (2019) ætti annars vegar að leita eftir sjónarmiðum barna um leik og daglegt starf og hins vegar sjónarmiðum þeirra í leik.

Pegar leikskólakennarar fylgjast með og skrá leik barna læra þeir um og skilja betur þau sjónarmið sem fram koma í leiknum og námið sem þar á sér stað. Í leik koma meðal annars fram reynsla, þekking, tilfinningar og menningarlegur bakgrunnur barna sem mikilvægt er að læra um og skilja. Leikskólakennarar geta þá betur nýtt til dæmis undirbúningstíma til að styðja við leik barna þannig að þau geti þróað hann og verið þeim merkingarbær (Fleer, 2021). Íslenskar rannsóknir hafa hins vegar sýnt að leikskólakennarar hafa ekki lagt mikla áherslu á að nota skráningar sem grunn að ígrundun sinni um nám barna (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2022; Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2013; Kristín Karlsdóttir o.fl., 2020). Með auknum undirbúningstíma geta leikskólakennarar eftir þátttöku barna og áhrif með því að fylgjast með leik þeirra, skrá það sem fyrir augu ber og nýta skráningarnar til að taka næstu skref í undirbúningi daglegs starfs, námsumhverfis og leikefnis. Þá þyrfti að ræða og ígrunda það sem fram kemur í skráningum við samstarfsfólk, foreldra og börn. Það gætu leikskólakennarar gert með því að verja hluta undirbúningstímans með börnunum inni á deild (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2022).

Hlutverk leikskólakennara er margþætt og að mörgu er að hyggja en tími til undirbúnings er mikilvægur liður í að halda uppi gæðum leikskólakstarfs. Mikilvægt er að leikskólakennarar njóti kjarasamningsbundins réttar síns til aukins undirbúnings en það er ekki síður mikilvægt að sá undirbúningstími sé börnunum til góða.

Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið þess hluta rannsóknarinnar sem hér er fjallað um var að skoða hver hagur barna er af auknum undirbúningstíma leikskólakennara og hver tækifæri þeirra eru til þátttöku. Tilgangurinn var að koma auga á rými fyrir börn til að hafa áhrif á mótun leikskólastarfs.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar leiddu þennan hluta rannsóknarinnar:

- Hver er hagur barna af auknum undirbúningstíma leikskólakennara?
- Hvernig nýtast undirbúningstímar til að fá fram sjónarmið barna og auka áhrif þeirra í leikskólastarfi?

Þátttakendur, aðferð og upplýst samþykki

Þátttakendur í rannsókninni voru 24 starfsmenn í 8 leikskólum á Íslandi. Leikskólarnir sem urðu fyrir valinu eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Austurlandi, Norðurlandi og á Suðurlandi. Við val á leikskólum var litið til stærðar þeirra og hlutfalls starfandi leikskólakennara. Í þátttökuskólunum voru 50–120 börn á þremur til átta deildum og hlutfall starfandi leikskólakennara var á bilinu 30–97%. Tilgangur þess að þátttökuskólarnir væru á mismunandi stöðum á landinu, misstórir og með mismunandi hátt hlutfall fagfólks var að fá sem skýrasta mynd af því hvernig undirbúningstímar í hinum ólíku leikskólum nýttust börnunum sem þar dvöldu.

Til að öðlast skilning á hvernig leikskólakennarar geta notað undirbúningstíma sinn til þess að bæta leikskólastarf með hag barna að leiðarljósi voru tekin einstaklingsviðtöl við 24 starfsmenn leikskólanna eða þrjá í hverjum leikskóla. Alls tóku þátt átta leikskólastjórar, átta deildarstjórar og átta leikskólakennarar eða starfsmenn með aðra háskólamenntun. Notast var við hálfopinn viðtalsramma þar sem leitað var upplýsinga um reynslu, skynjun og fyrirætlanir þátttakenda varðandi undirbúningstíma í leikskólum. Í hálfopnum viðtölum er þátttakendum gefinn möguleiki á að víkka út eða bæta við umræðuefnið (Brinkmann og Kvale, 2015). Rannsakendurnir fjórir tóku flest viðtölin í leikskólunum þar sem þátttakendur voru á heimavelli og voru því meira á persónulegum nótum en þegar notast er við fjarfundarbúnað. Þó fór eitt viðtalið fram í gegnum fjarfundarbúnað þar sem utanaðkomandi aðila var ekki leyft að mæta á staðinn vegna takmarkana sökum heimsfaraldurs. Tveir rannsakendur tóku þátt í hverju viðtali og safnaði því hver þeirra gögnum í fjórum leikskólum. Viðtölin voru tekin í mars og apríl 2021 en lengd þeirra var 30–45 mínútur.

Viðtölin voru hljóðrituð, afrituð orðrétt og notuð til frekari greiningar. Gögnin voru marglesin af rannsakendunum fjórum, fyrst einslega og svo saman í hópi sem bætir trúverðugleika rannsóknarinnar (Groundwater-Smith o.fl., 2015). Við greiningu á gögnunum var leitast við að svara rannsóknarspurningunni um hvernig leikskólakennarar geta notað undirbúningstíma sinn til þess að bæta leikskólastarf með hag barna að leiðarljósi. Gögnin voru fyrst kóðuð og síðan greind í þemu (Braun og Clarke, 2006, 2013). Kóðar sem komu fram í gögnunum voru meðal annars: Staðsetning, tími, áskoranir, tækifæri, viðfangsefni, togstreita, púsluspil, jákvæð áhrif, neikvæð áhrif, þátttaka starfsfólks, þátttaka barna. Kóðarnir voru teknir saman í þemu sem fjallað verður um í niðurstöðukaflanum hér á eftir.

Áður en gagnaöflun hófst var óskað bréflaga eftir leyfi rekstraraðila valinna sveitarfélaga fyrir þátttöku leikskólanna í rannsókninni þar sem markmið og tilgangur rannsóknarinnar var kynntur. Eftir það var haft samband við leikskólastjóra innan þeirra sveitarfélaga sem veittu aðgang að leikskólunum. Óskað var eftir upplýstu samþykki allra þátttakenda, þ.e. leikskólastjóra, deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólks sem hafði aðra háskólamenntun. Þeir veittu skriflegt samþykki sitt eftir að hafa fengið útskýringar á hvað fælist í þátttökunni og að fyllsta trúnaðar yrði gætt.

Niðurstöður

Niðurstöður þessarar rannsóknar byggja á viðtölum við starfsfólk leikskólanna átta sem tóku þátt. Áhersla var á að skoða hag barna af auknum undirbúningstíma í leikskólum en um niðurstöðurnar er fjallað undir þemunum: *Aukinn tími til undirbúnings – meiri fjarvera frá börnum; Undirbúningur fyrir börn en ekki með börnum og Tækifæri til aukinnar þátttöku barna í undirbúningi leikskólastarfs.*

Aukinn tími til undirbúnings – meiri fjarvera frá börnum

Stór hluti þátttakendanna tengdi umræðu um undirbúningstíma við púsluspil vegna þess að það gat verið flókið að skipuleggja tíma til undirbúnings samhliða starfi á deildinni eins og einn deildarstjóranna orðaði það: „Þetta er alveg langur tími [...] og hann nýtist vel en þetta snýst þá aðallega um þetta púsl að koma þessu saman og í rauninni ... það minnkar alltaf tíminn sem maður er með börnunum á móti.“ Flestir töluðu um að hafa prófað alls konar útfærslur en valinn tími til undirbúnings fór yfirleitt eftir því hversu margir starfsmenn voru á deildinni hverju sinni. Til dæmis valdi einn deildarstjóranna að taka undirbúningstímann fyrir hádegi en hann sagði að það væri „best starfsmannalega séð“. Margir þátttakendanna bentu á að þegar þeir væru í undirbúningi misstu þeir af ýmsu sem færi fram á deildinni á meðan, eins og einn þeirra sagði frá: „Við erum náttúrulega að missa af, við erum náttúrulega minna inn á deild núna en það er kannski búið að taka af okkur stressið.“ Annar útskýrði þetta á eftirfarandi hátt:

Hugsum ef ég er frá tólf til tvö, þú veist, þá er ég að missa af matartíma og hvíld. Ef ég er frá átta til tíu, hvað er ég þá að missa af, morgunmat, samveru, [...] ef þú ert tvö til fjögur alltaf, aldrei hérna í samverunni eftir hádegi. En ef ég væri á einhverjum öðrum tíma þá væri ég aldrei í matartímanum þannig að, þú veist, í rauninni fannst okkur alveg sama hvar þessir tímar voru teknir, auðvitað er þetta bara tími sem maður er ekki [á deildinni].

Undirbúningstími var oft skipulagður út frá því hversu margir starfsmenn voru á deildinni hverju sinni, hver fjöldi barna var og hvað þau voru á mörgum svæðum. Ákvörðun deildarstjóra um hvenær væri best að taka undirbúningstíma fór einnig eftir því starfi sem var í gangi á deildinni en flestir þátttakendanna völdu að taka undirbúningstíma þegar börnin voru í útiveru eða frjálsum leik. Einn deildarstjóranna vildi ekki að starfsfólk deildarinnar væri í undirbúningi á meðan skipulagt starf væri í gangi og benti á: „Það er náttúrulega erfiðast að senda í undirbúning á miðvikudögum og fimmtudögum þegar við erum í einhverju svona skipulögðu starfi.“ Þegar þátttakendur töluðu um skipulagt starf áttu þeir við viðfangsefni sem var stýrt af leikskólakennurum. Annar deildarstjóri orðaði þetta svona: „Minn undirbúningur fer mest fram eftir klukkan tvö þannig að þá eru bæði færri börn á deildinni og við erum mikið bara í frjálsum leik eða útiveru.“ Þá kom fram að oft væri færri starfsfólk á deildum þegar börn væru í frjálsum leik sem þýddi að starfsfólkið hefði fremur eftirlit með leik barna en innsýn í hvað þar færi fram og hvaða nám ætti sér stað.

Fram kom að undirbúningstíminn hefði skilað sér í bættu starfsumhverfi leikskólakennara þar sem minni viðvera væri með börnum. Einn þátttakendanna sagði að sér fyndist yndislegt að vera með börnum, það væri það skemmtilegasta sem hann gerði, en hann gæti orðið þreyttur á erlinum á deildinni. Það væri því gott að komast út af deildinni í önnur verkefni. Helstu áskoranir við skipulag undirbúningstíma fólust í að finna „réttan tíma“ fyrir starfsfólk til þess að fara af deildinni en aukinn tími til undirbúnings leiddi til meiri fjarveru frá börnunum og leikskólastarfinu.

Flestir þátttakendurnir töluðu um að aukinn undirbúningstími myndi skila sér í gæðaleikskólastarfi, þ.e. að leikskólakennararnir væru vel undirbúnir og gætu því tekist á við fjölbreytt verkefni deildarinnar þegar þeir væru þar. Í þeim leikskólum sem voru vel mannaðir af leikskólakennurum töldu þátttakendurnir að fjarvera þeirra í undirbúningstímanum hefði ekki áhrif á starf deildanna. Aftur á móti gat fjarvera leikskólakennarans í undirbúningstíma í leikskólum þar sem fáir leikskólakennarar störfuðu haft þau áhrif að gæði leikskólastarfsins á deildinni minnkuðu á meðan. Fram kom að algengt væri að afleysingu á deildum annaðist ungt fólk sem hefði litla þekkingu og reynslu af leikskólastarfinu en einn leikskólakennaranna sagði: „Það [afleysingin] er meira svona ungt fólk, svona starfsmaður sem er bara millistopp í leikskólanum, [...] það er bara svona í dag, þú færð ekkert annað. Það er bara mjög slæmt.“ Fjarvera leikskólakennara hafði að mati eins deildarstjórans áhrif á faglegt starf og útskýrði það nánar svona: „Af því þú ert náttúrulega að setja afleysinguna í rauninni í það sem þú ert búin að skipuleggja.“ Annar deildarstjóri tók dæmi um hvernig starfsmaður í afleysingu vinnur stundum öðruvísi en lagt er upp með:

Bara lítið dæmi, eins og í kaffitímanum, stundum er maður ekki inni á deild, að börnin eiga náttúrulega að smyrja sjálf brauðið sitt og svo kemur maður þar inn og þar er kannski starfsmaðurinn að smyrja brauðið fyrir þau. Þannig að allir þessir litlu færniþættir, þú veist, að börnin tapi, að það sé ekki kannski sá sem er faglærður eða hefur mikla reynslu af starfi með börnum. Það er kannski ekki að framkvæma eða, þú veist, það gerir það ekki á sama hátt.

Einn leikskólakennaranna talaði um að það væri oft margt starfsfólk í afleysingum. Ekki væri alltaf sama manneskjan sem kæmi á deildina og það væri ekki gott fyrir starfið eða börnin. Sumir þátttakendanna töldu að fjarvera leikskólakennara hefði ekki slæm áhrif á starfið á deildinni. Þetta væri erfitt að meta þar sem þeir væru ekki viðstaddir til þess að fylgjast með því sem fram færi á meðan, svo sem samskiptum og leik barna. Einn deildarstjóranna talaði um að helsta áskorunin væri að geta ekki verið á tveimur stöðum í einu, þ.e. með börnunum inni á deild og í undirbúningi utan deildar.

Undirbúningur *fyrir* börn en ekki *með* börnum

Þátttakendur þessarar rannsóknar sögðust taka undirbúningstímann utan deildar í undirbúningsherbergjum. Þar væri yfirleitt aðgangur að tölvum og meiri ró og næði en inni á deildum. Þótt verkefni væru fjölbreytt væru flest þeirra unnin í tölvu. Í forgangi var yfirleitt að skipuleggja starfið á deildinni. Flestir töluðu um mikilvægi þess að skipuleggja starfið fyrir börnin og undirbúa ákveðin verkefni sem til dæmis voru unnin í hópastarfi. Einn þátttakendanna sagði: „Allur minn undirbúningur, fyrir utan ákveðin verkefni sem ég þarf að gera, snýst náttúrulega um að búa til eitthvað skemmtilegt fyrir þau [börnin]; eitthvað sem er áhugahvetjandi og fá þau til að prófa ýmsan efnivið líka þannig að maður þarf alltaf að hugsa út frá þeim.“ Annar þátttakendanna orðaði það á eftirfarandi hátt: „Af því að við erum alltaf að vinna einhver verkefni fyrir leikskólann, fyrir börnin.“ Verkefni sem unnin voru í undirbúningstíma voru því yfirleitt unnin fyrir börnin en ekki með þeim.

Þátttakendum þótti aukinn undirbúningstími vera jákvætt skref þar sem meðal annars væri hægt að auka samráð milli starfsfólks, milli deilda og skipuleggja þannig sterkari teymisvinnu í leikskólanum. Mikilvægt væri að hafa tíma til þess að ræða um börnin við annað starfsfólk eins og einn þátttakenda sagði: „Við erum að ræða um börnin, við erum að ræða sérkennsluna, við erum að ræða, þú veist, stök börn sem þarf eitthvað að ræða um eða eitthvað slíkt.“ Fram kom að umræða um börn gæti skilað sér í faglegra starfi á deildum. Algengt var að þátttakendur ræddu um einstök börn út frá tilteknum vanda en sumir þeirra sögðust eiga samræður um barnahópinn. Einn leikskólakennaranna talaði um að meiri tími gæfist til þess að horfa á hvert barn og ræða stöðu þess – til dæmis ef það væri eitthvað sem þyrfti að vinna sérstaklega með og bregðast við. Annar leikskólakennaranna taldi að lengi hefði verið kallað eftir meiri tíma til samráðs milli starfsfólks en það hefði verið erfitt þar sem viðvera leikskólakennara á deildum hefði verið mikil. Jákvætt væri að fá aukinn tíma til undirbúnings sem gæfi meiri möguleika á að bæta við sig nýrri þekkingu, styrkja sig í starfi og auk þess að hafa einfaldlega meiri tíma í einrúmi:

Ég held að þetta skili sér í styrkara starfi. Og það eru bara ..., kröfur eru að aukast, svona þessar skriflegu, formlegu kröfur. Kennarar eru þá að fá tíma til að vinna það án þess að það komi niður á undirbúningnum á starfi barnanna. En á móti kemur að mér finnst líka gefast aukinn tími til samráðs og umræðna um barnahópinn og ég er að sjá svona að fólk er að taka meiri tíma í að ræða einstaka börn, viðbrögð, samræma aðgerðir og ..., hérna, og, svona, styrkja bara þetta daglega starf með börnunum.

Flestir þátttakendurnir töldu að aukinn undirbúningstími skilaði sér í faglegra starfi. Einn deildarstjóranna talaði um að þessi aukni tími skilaði heilmiklu fyrir faglegt starf leikskólans þar sem starfsfólkið hefði tækifæri til að sækja sér fræðslu, hlusta á fyrirlestra, lesa, undirbúa sig, fylla út skráningarlista og eiga samskipti og spjall við aðra kennara. Annar deildarstjóri sagði: „Aðalatriðið er að nota undirbúninginn sinn þannig að maður sé skipulagður og tilbúinn þegar maður þarf á því að halda; það nýtist börnunum best. Að það sé enginn glundroði þegar það á að fara að gera eitthvað.“

Sumir leikskólanna höfðu innleitt teymisvinnu þar sem starfsfólk vann að viðfangsefnum sem það hafði áhuga á eða tengdust verkefnum sem verið var að innleiða eða vinna að. Einn þátttakendanna sagði að starfsfólkið hefði kallað eftir auknum tíma til samráðs sem aukinn undirbúningstími hefði veitt þeim. Í einum leikskólanum var starfsfólkinu boðið að vinna í ákveðnu teymi út frá áhuga sínum, t.d. þrír til fjórir starfsmenn saman. Fólk hefði verið duglegt að búa til teymi ef það fengi áhuga á einhverju, t.d. hefði sprottið upp útivistarteymi. „Fólk fór að tala sig saman á milli deilda og undirbúningurinn veitir okkur tækifæri til að gera þetta svona á þægilegri máta – annað en á hlaupum eða að tala yfir hausamótunum á börnunum.“ Teymin voru skipuð af starfsfólki og voru hugsuð sem samráð um börn en ekki með börnum.

Tækifæri til aukinnar þátttöku barna í undirbúningi leikskólastarfs

Fram kom að undirbúningstími í leikskólunum fór að langmestu leyti fram utan deildar, án barna. Margir þátttakendur sáu þó tækifæri til að breyta því með auknum tíma til undirbúnings og huga betur að því hvernig hægt væri að hlusta nánar á sjónarmið barna og bjóða þeim meiri þátttöku við skipulagningu starfsins. Einn deildarstjóranna benti á að honum þætti mikilvægt að börnin fengju fleiri tækifæri til að taka þátt í mati á skólastarfinu, til dæmis að meta svæðin sem þau léku sér á. Einn leikskólakennaranna sagði einnig frá breytingum sem væru í vændum varðandi að fá börnin meira að borðinu: „Eitt af því sem við erum að reyna að innleiða með Barnasáttmálann að leiðarljósi er að finna leið til að meta meira með börnunum. Það er að koma núna, kemur inn í nýju námskrána okkar, alveg markvisst.“ Deildarstjórinn bætti við að sér fyndist ekki nóg að vera einungis með staðlað mat, það væri gott til að fylgjast með þroska barnanna, en meira jafnvægi þyrfti að vera þar sem leggja mætti meiri áherslu á óstaðlað mat, svo sem uppeldisfræðilegar skráningar. Aukinn undirbúningstími gæfi góða möguleika á að þróa matið meira í þá átt.

Flestir þátttakendur töluðu um mikilvægi þess að hlusta meira á sjónarmið barna en í því fælist mikil áskorun, sérstaklega þegar börnin væru mjög ung. Þó sagði einn leikskólakennaranna að á tímabili hefði verið farið af stað í að meta fleiri starfsþætti með börnum en svo hefði það dottið niður aftur. Honum þætti auðveldara að spyrja eldri börn leikskólans um leikskólastarfið og með þeim væru haldnir barnafundir. Stefnan væri að færa þessa áherslu niður um árgang næsta skólaár. Annar leikskólakennari talaði um að ein áskorunin væri framkvæmdin, hvernig ætti að fá betur fram sjónarmið barna og hvaða tæki þyrfti til þess. Starfsfólkið hefði prófað að bjóða einu barni í einu að taka þátt í að meta útinám í leikskólanum. Starfsfólkið notaði bæði broskarlakerfi (tjákn) og viðtöl til þess að komast að viðhorfi barnanna og líðan í útinámi. Börnin gátu því bæði bent á tjákn sem lýsti líðan þeirra í útinámi og sagt frá upplifun sinni sem starfsfólkið skráði hjá sér. Leikskólakennarinn sagði að þetta hefði reynst vel, það væri komið í starfsáætlun og markmiðið væri að halda áfram að finna leiðir til þess að hlusta meira á sjónarmið barnanna.

Svipað var uppi á teningnum í öðrum leikskólum. Einn deildarstjóranna sagði frá því að hann langaði til þess að gera oftar skráningar á áhuga, viðfangsefnum og athöfnum barnanna. Í leikskólanum hafði verið gerð „jólagjafaskráning“ þar sem skráningin sjálf fór fram utan undirbúningstímans en úrvinnslan var unnin í undirbúningstímanum. Hann sagði: „Að taka viðtalið er náttúrulega ekki partur af undirbúningstímanum heldur þá bara úrvinnslan á því, með því að setja textann og myndirnar og skrifa upp viðtalið í undirbúningstíma.“ Annar deildarstjóranna sagði að það hefði komið til tals að fylgjast þyrfti betur með leik barnanna og samskiptum. Það ætti að fara að innleiða betur skráningar í leikskólastarfið en það hefði ekki gefist tími til þess; hún umorðaði setninguna og sagði: „Við höfum ekki gefið okkur tíma í það enn þá.“ Einn leikskólastjóranna benti þó á að aukinn undirbúningstími gæfi starfsfólkinu betri tíma til að fylgjast með hverju og einu barni:

Að deildarstjórar og starfsfólkið hafi mun betri innsýn yfir barnið, einstaklinginn, nám þess og líðan, félagsfærni og allir þessir þættir, bara að barnið efli sig í þessum þáttum. Þær segja mér að þær sitja bara og staldra bara við og horfa á hópna af börnum að leika, að það eru ekki allir sem eru að njóta sín í leiknum. Það eru sumir sem eru bara að hlaupa í hring, eiga ekki samskipti, gera engar kröfur, enginn er að hafa samskipti við það barn, þannig að þetta er hlutur sem við þurfum að rýna betur í.

Þótt ekki hafi komið fram í viðtölum hjá mörgum að almennt þyrfti að styðja betur við að börn hefðu áhrif á skipulag starfsins voru flestir þátttakendur farnir að huga að því hvernig hægt væri að gefa börnum fleiri tækifæri til þátttöku í mati og mögulega færa hluta af undirbúningstíma sínum inn á deild, eins og einn leikskólastjóranna benti á: „Maður þarf náttúrulega líka að vera bara inni á deild til þess að fylgjast með börnum, fylgjast með samskiptum, vera í útiverunni líka. Maður er í undirbúningi líka þó maður sitji ekki við tölvu.“

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu börnin hafa einhverja skoðun á að starfsfólkið færi af deildinni í undirbúning. Flestir þátttakendurnir sögðu að líklega hefðu börnin ekki skoðun á því en stundum spyrðu þau hvar starfsfólkið væri, eins og einn deildarstjóranna benti á: „Umm, já, þau spyrja stundum: „Hvar varstu? Hvað varstu að gera?“ Það hefur alveg komið fyrir ... Þau hafa ekkert svo sem tjáð sig, jú, þau alla vega fagna þegar maður kemur þannig að það er kannski hægt að lesa í það.“ Deildarstjórinn taldi að börnin væru upptekin í sínum viðfangsefnum og að þau fyndu ekki fyrir því þó að hann væri fjarverandi vegna þess að það væri gott starfsfólk á deildinni. Einn leikskólakennaranna sagði: „Þeim [börnunum] finnst við örugglega bara vera í tölvunni.“ Annar leikskólakennari taldi mikilvægt að útskýra fyrir börnunum hvert hann færi og hvað hann gerði, ef þau spyrðu. Enginn þátttakendanna hafði spurt börnin hvað þeim fyndist um fjarveru starfsfólks í undirbúningstíma og því voru svör þeirra byggð á eigin upplifun en ekki barnanna.

Umræða

Hér hefur verið fjallað um rannsókn á undirbúningstíma leikskólakennara í átta leikskólum víðs vegar um landið. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hver hagur barna er af auknum undirbúningstíma leikskólakennara og hver tækifæri þeirra eru til þátttöku. Tilgangurinn var að koma auga á rými fyrir börn til að hafa áhrif á mótun leikskólastarfs.

Leikskólakennararnir sem tóku þátt í rannsókninni voru ánægðir með þann aukna tíma sem þeir höfðu til undirbúnings en íslenskir leikskólakennarar fá mun lengri tíma til skipulagningar leikskólastarfsins en leikskólakennarar annars staðar á Norðurlöndum (Lärarförbundet, 2015; Utdanningsförbundet, 2018). Leikskólakennararnir töldu að aukinn undirbúningstími væri mikilvægur fyrir hagsmuni barnanna og skilaði sér í gæðaleikskólastarfi. Þeir hefðu meiri tíma til að afla sér nýrrar þekkingar, skipuleggja og undirbúa starfið svo þeir væru reiðubúnir að takast á við fjölbreytt verkefni deildarinnar. Jafnframt höfðu leikskólakennararnir meiri tíma til samráðs sem skilaði sér einnig í faglegra starfi með börnunum. Það er í samræmi við niðurstöður Storli og Hansen Sandseter (2019) sem hafa bent á að þekking leikskólakennara og skipulagning séu mikilvægir liðir í þróun á gæðum leikskólastarfs. Við þetta má bæta að gæði leikskólastarfs felast einnig í virkri þátttöku barna og gagnvirkum samskiptum þeirra við önnur börn og fullorðna (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2022) en það er þáttur sem leggja þarf aukna áherslu á í undirbúningstíma leikskólakennara.

Fram kom að leikskólakennurunum fannst oft mikið þúsluspil að skipuleggja undirbúningstímann, erfitt væri að finna „rétt“ tímann til að fara út af deildinni. Einna mikilvægast þótti þeim að vera til staðar fyrir börnin í hópastarfi, matartímum og samverustundum þegar stjórnun fullorðinna var meiri. Þeir töldu yfirleitt best að nýta tíma til undirbúnings þegar börnin höfðu meira um starfið að segja, svo sem í útiveru eða frjálsum leik, sem er í samræmi við aðrar rannsóknir (Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Dýrfjörð, 2021; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Rannsóknir hafa leitt í ljós að grundvöllur vel unninnar stefnu sé mikilvægur; þá sé ekki síður mikilvægt að börn fái rými til leiks, með stuðningi leikskólakennara, og séu studd til áhrifa í daglegu lífi sínu (Kristín Karlsdóttir o.fl., 2019). Í fjölda rannsókna hefur verið sýnt fram á að leikur er mikilvægur fyrir hagsmuni barna, svo sem vellíðan þeirra, nám og fullgildi (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020; Kingdon og Gasper, 2020; MacDonald, 2022). Lög og reglugerðir staðfesta mikilvægi leiks í námi barna þar sem fram kemur að börn eiga rétt á að leika sér og leikur á að vera stór hluti af daglegu starfi leikskóla (lög um leikskóla nr. 90/2008; lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Þrátt fyrir að flestir

leikskólakennarar viðurkenni mikilvægi leiksins velja þeir oft að vera fjarverandi á meðan börn leika sér (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2022) og geta því ekki fylgst með því sem á sér stað í leiknum, hvar áhugi barna og styrkleikar liggja. Börn þurfa á stuðningi leikskólakennara að halda þegar þau leika sér og vilja mörg hver hafa þá nálægt, sérstaklega börn sem eru í veikri valdastöðu í barnahópnum. Fram hefur komið að börn eru frekar útilokuð frá leik þegar starfsfólk er ekki til staðar (Arvola o.fl., 2017; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020; Juutinen, 2018; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Niðurstöður rannsóknarinnar, sem hér er fjallað um, sýndu að leikskólakennarar eru oft fjarverandi á meðan börnin leika sér og algengara er að reynslulítið starfsfólk sé til staðar. Ef starfsfólk hefur litla reynslu og þekkingu á leik barna má leiða líkur að því að börn fái ekki þann faglega stuðning sem þau þurfa í leik. Tryggja má betur hagsmuni barna með því að finna leiðir til þess að leikskólakennarar séu til staðar þegar börn leika sér, t.d. með því að taka hluta af undirbúningstímanum inni á deild með börnum, gera skráningar og styðja öll börn til fullgildis með virkri þátttöku þeirra í leik.

Aukinn undirbúningstími leikskólakennara veitti þeim meira rými til samstarfs við aðra leikskólakennara þar sem þeim hafði gefist meiri tími til þess að ræða sín á milli um börnin, t.d. fyllti starfsfólkið út skimunarlista sem notaðir voru til þessara umræðna. Það er þýðingarmikið fyrir hagsmuni barna að leikskólakennarar fái tíma til þess að ígrunda saman um börnin og starfið á deildinni en ekki má gleyma að bjóða börnunum að taka þátt. Samkvæmt lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 19/2013) eiga börn rétt á að segja skoðanir sínar og hafa áhrif á líf sitt. Því þarf að finna leiðir til að gefa þeim tækifæri til að mynda sér skoðanir sem hlustað er á og brugðist er við (Lundy, 2007). Ef undirbúningstímar eru notaðir til þess að eiga samráð við börn en ekki um börn gætu raddir þeirra orðið afl til þróunar og breytinga á leikskólastarfi (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Með þátttöku barna í hluta af tímanum sem er til undirbúnings má tryggja betur réttindi þeirra og hagsmuni.

Nokkrir þátttakendanna sáu aukin tækifæri til að nota lengri undirbúningstíma til þess að bjóða börnum að taka meiri þátt, hlusta betur á sjónarmið þeirra og hafa þau meira með í ráðum, sérstaklega hvað varðar mat í skólastarfinu. Þeir höfðu til dæmis unnið að því að þróa matsaðferðir þar sem börn voru spurð álits. Þeim þótti krefjandi að finna leiðir til þess að bjóða börnum að taka þátt í mati á starfinu, einkum þegar þau voru mjög ung. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður íslenskra rannsókna sem hafa sýnt að þótt leikskólakennurum þyki mikilvægt að hafa börn með í ráðum hafa þeir ekki lagt mikla áherslu á að nota nálganir sem eru til þess fallnar að hlusta á sjónarmið þeirra (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2022; Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2013). Uppeldisfræðileg skráning hefur þótt ákjósanleg nálgun til þess að hlusta á börn og fylgja réttindum þeirra eftir (de Sousa, 2022). Hún getur gert leikskólakennurum kleift að fylgjast með og skilja það sem er að gerast hér og nú, og nýta hana til þess að þróa starfið (Carr og Lee, 2019). Fram hefur komið að gæða-leikskólastarf byggir á sjónarmiðum barna og virkri þátttöku þeirra (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Þá þarf bæði að hlusta eftir viðhorfum barna til daglegs starfs í leikskóla og sjónarmiða þeirra í leik. Þegar börn leika sér birtist reynsla þeirra, þekking, tilfinningar og menningarlegur margbreytileiki sem mikilvægt er að leikskólakennarar læri um og skilji og geti þannig betur stutt við nám barna og vellíðan í leik þeirra (Fleer, 2021). Anna Magnea Hreinsdóttir og félagar (2022) hafa bent á mikilvægi þess að leikskólakennarar verji hluta af undirbúningstíma sínum inni á deild. Með auknum undirbúningstíma er hægt að þróa starfið með því að hlusta betur á sjónarmið barna, gera skráningar á leik og hafa samráð við þau um skipulagningu daglegs starfs. Þegar rætt var við þátttakendur í þessari rannsókn um teymisvinnu og lærdómssamfélag voru börnin ekki hluti af því en mikilvægt er að börn og foreldrar þeirra séu einnig hluti af lærdómssamfélagi leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012).

Lokaorð

Starfsaðstæður leikskólakennara bötnuðu töluvert með kjarasamningum Félags leikskólakennara frá 2020. Þar var hugað að bættum kjörum og réttindum leikskólakennara. Hins vegar má velta vöng-

um yfir hvaða afleiðingar aukin fjarvera leikskólakennara frá börnum hefur og hvort hagsmunir og réttindi leikskólakennara hafi verið tekin með í reikninginn þegar um þessi kjör var samið. Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kom fram töluverð togstreita um þann tíma sem leikskólakennararnir nýttu til undirbúnings og þess tíma sem þeir vörðu með börnunum inni á deild. Helsta áskorun leikskólakennaranna var að geta ekki verið á tveimur stöðum í einu, þ.e. að undirbúa starfið og vera með börnunum. Að sögn þátttakendanna varð starfið faglegra þegar leikskólakennari var inni á deildum en það gat dregið úr faglegu starfi þegar þeir voru fjarverandi, eins og aðrar rannsóknir hafa leitt í ljós (Hrönn Pálmadóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2007; Karademir o.fl., 2017). Leikskólarnir voru misvel mannaðir af fagfólki, sums staðar voru alltaf leikskólakennarar á deild þó að undirbúningur væri í gangi en annars staðar ekki. Þá var mikilvægt fyrir hagsmuni barnanna að góð samvinna og samstaða væri á milli leikskólakennara og annars starfsfólks til þess að halda uppi gæða-leikskólastarfi meðan undirbúningur færi fram (Karademir o.fl., 2017). Viðhorf leikskólakennaranna sem tóku þátt í þessari rannsókn eru í samræmi við viðhorf samskrá leikskólakennara gagnvart undirbúningstíma þar sem þeir líta á hann sem barnlausan tíma (Kennedy, 2007). Því mætti segja að viðhorfsbreyting sé þýðingarmikil fyrir hagsmuni barna þar sem nýta mætti hluta af undirbúningstíma með börnum inni á deild, þar ætti að ræða við börn en ekki um börn, skipuleggja með börnum en ekki fyrir börn og skapa þannig lærdómssamfélag þar sem öll börn og starfsfólk leikskóla eru þátttakendur.

Teacher prep time in preschools: Children's best interest

The status and working conditions for teachers in Icelandic preschools have been a topic of recent discussion. The 2020 agreement with the Association of Preschool Teachers (FL) partly addressed the working conditions for preschool teachers by significantly increasing their preparation time. For example, a full-time preschool teacher serving as a department head now has 10 hours a week for prep—double the five hours allotted previously. Very little research has been undertaken on how preschool teachers' preparation time is organised and used in Iceland or internationally. The few studies that have been conducted are rather general, focusing more on how much time preschool teachers use to prepare for children's education, play, and other activities and less on how that prep time is spent. Findings from an Icelandic study on preparation time in preschools indicated that preschool teachers were satisfied with the increased time for preparation but also expressed concern about the corresponding increased absence from the children and their environment. According to Icelandic national curriculum guidelines (Menntamálastofnun, n.d.), play is the essence of preschool practice, and one of the main roles of preschool teachers is to create a learning environment that supports children's play and encourages their participation and well-being. All children should have equal opportunities to learn through play and interact with others. In these situations, teachers support children and provide them with evocative surroundings. However, research has shown that in daily preschool schedules, play is not given enough space and preschool teachers are often busy with other activities, such as arranging practical plans for teaching practice, leaving behind the important task of observing and supporting children in play. Therefore, this research aimed to explore how preschool teachers use preparation time to improve preschool practices, focusing on children's rights to be listened to and respected as agents in their own lives. The study was conducted in eight purposely selected preschools across Iceland. The participants were 24 preschool teachers, one preschool leader, one department head, and one preschool teacher in each preschool. Individual interviews were conducted to determine how preschool teachers used their preparation time to meet children's strengths, improve their abilities to express themselves, and influence their daily lives. The findings show the tension between the time the preschool teachers used to prepare their preschool practice and the time spent with the children in the preschool settings. More time spent preparing meant less time spent with children. The preschool teachers mainly used the preparation time to prepare the preschool practice for the children instead of preparing with the children. In preschools with a teacher

shortage, the absence of teachers affected the quality of preschool practice, i.e., preschool teachers' communication with the children and support of their play activities. However, some of the preschool teachers saw opportunities to have more time to prepare and to include the children more often in the evaluation of the preschool practice by discussing their participation in different activities and developing their practice based on those discussions. The study concludes that preschool teachers, in taking advantage of their right to increased preparation time, should consider spending part of their preparation time in the preschool setting together with the children to support the children's rights and best interests. While spending extra time with the children, teachers can develop their preschool practice by listening more closely to children's perspectives. Teachers can also be present during children's play, observing, documenting, and reflecting on it. Furthermore, they can consult with the children, allowing them to participate in the learning community.

Keywords: preparation time, preschool teacher's rights, children's rights, children's best interests

Um höfunda

Sara M. Ólafsdóttir (saraola@hi.is) er dósent í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Auk þess veitir hún RannUng forstöðu, sem er rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna. Sara hefur tekið þátt í rannsóknasamstarfi bæði hérlandis og erlendis en megináherslur í rannsóknum hennar hafa verið sjónarmið barna gagnvart hinum ýmsu viðfangsefnum, m.a. leik, þáttaskilum milli leik- og grunnskóla, vellíðan barna og fullgildi.

Anna Magnea Hreinsdóttir (amh@hi.is) starfar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún var leikskólastjóri til margra ára, leikskólafulltrúi og fræðslustjóri. Rannsóknir hennar tengjast forystu og stjórnun, námskráargerð og innra mati leikskóla með áherslu á lýðræðislega starfshætti. Þá hefur hún lagt áherslu á sjónarmið og þátttöku barna í rannsóknum sínum.

Margrét S. Björnsdóttir (margreb@hi.is) er aðjúnt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og verkefnisstjóri hjá RannUng. Hún lauk grunnskólakennaraprófi frá KHÍ 1989 og M.Ed.-prófi frá Háskólanum í Reykjavík 2009 í stærðfræði og kennslufræði stærðfræðinnar. Margrét hefur starfað bæði í leik- og grunnskóla.

Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún hefur kennt í leikskólakennaranámi um árabil, tekið þátt í erlendu sem íslensku rannsóknarsamstarfi, m.a. tekið virkan þátt í starfi RannUng. Rannsóknir hennar tengjast menntunarfræðum ungra barna og snúast m.a. um leik barna og áhrifamátt þeirra, skráningar og mat og rými barna til náms í fjölmenningarlegu samfélagi.

About the authors

Sara M. Ólafsdóttir (saraola@hi.is) is an associate professor at the University of Iceland, School of Education. She is also head of RannUng, The Centre for Research in Early Childhood Education. Sara has been a part of both national and international research projects, and her work has mainly emphasised research with children. The topics she has explored with children are, among others, play, well-being, belonging and transition from preschool to primary school.

Anna Magnea Hreinsdóttir Ph.D. (amh@hi.is) teaches at the University of Iceland, School of Education. She has worked as a preschool leader, a school officer and as a director of education and welfare for many years. Her main research focus is on leadership, curriculum, and evaluation as well as children's voices, participation, and influence on preschool practises.

Margrét S. Björnsdóttir (margreb@hi.is) is an adjunct at the School of Education, University of Iceland, and a project manager at RannUng. She completed her B.Ed. in primary school teaching in 1989 and an M.Ed. in math and pedagogy of math from the University of Reykjavík in 2009. She has worked as a preschool and primary school teacher.

Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is) is an associate professor at the School of Education, University of Iceland. She has been a teacher in preschool teacher education and nationally and internationally taken part in research collaboration. Her research focus is on young children's education, e.g. children's play and their agency, documentation and assessment, and providing space for all children in a multicultural society.

Heimildir

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–98). Rannung; Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Dýrfjörð. (2021). Upplifun barna af leikskóladvöl: „Stundum er maður lengi í leikskólanum, en ekki alltaf.“ *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.12>
- Anna Magnea Hreinsdóttir, Kristín Karlsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2022). Áhrif undirbúningsstíma á fagmennsku leikskólakennara og gæði leikskólastarfs. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.10>
- Arvola, O., Lastikka, A.-L. og Reunamo, J. (2017). Increasing immigrant children's participation in the Finnish early childhood education context. *The European Journal of Social & Behavioural Sciences*, 20(3), 294–304. <https://doi.org/10.15405/ejsbs.223>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Brinkmann, S. og Kvale, S. (2015). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing* (3. útgáfa). Sage.
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood settings: Learning stories*. Sage.
- Carr, M. og Lee, W. (2019). *Learning stories in practice*. Sage.
- de Sousa, J. (2022). The plural uses of pedagogical documentation in Pedagogy-in-participation. *European Early Childhood Education Research Journal*, 30(2), 184–199. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2022.2046833>
- Eadie, P., Page, J., Levickis, P., Elek, C., Murray, L., Wang, L. og Lloyd-Johnsen, C. (2022). Domains of quality in early childhood education and care: A scoping review of the extent and consistency of the literature. *Educational Review*. <https://doi.org/10.1080/00131911.2022.2077704>
- Fleer, M. (2021). *Play in the early years* (3. útgáfa). Cambridge University Press.
- Fochi, P. S. (2022). Pedagogical documentation as a strategy for planning and communicating children's learning and pedagogical day-to-day life. *European Early Childhood Education Research Journal*, 30(2), 227–238. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2022.2046840>
- Formosinho, J. og Formosinho, J. O. (2016). The search for a holistic approach to evaluation. Í J. O. Formosinho og C. Pascal (ritstjórar), *Assessment and evaluation for transformation in early childhood* (bls. 93–106). Routledge.

- Groundwater-Smith, S., Dockett, S. og Bottrell, D. (2015). *Participatory research with children and young people*. Sage.
- Hrönn Pálmadóttir og Þórdís Þórðardóttir. (2007). „Það sem áður var bannað er nú leikur“: Breytingar á uppeldissýn í leikskóla. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, 119–135. https://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/7_hronn_thordis1.pdf
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“: Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2022). Bernskurannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna* (bls. 13–35). Háskólaútgáfan; RannUng.
- Jóhanna Einarsdóttir, Arna H. Jónsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2013). Sjóarmið leikskólakennara og leiðbeinenda: Áherslur og verkaskipting í leikskólastarfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/007.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir. (2019). Hvaða augum líta börn leikskólakennara: Hlutverk og miðlun gilda í leikskólum. *Sérít Netlu 2019 – Menntun barna í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.33>
- Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjóarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 29(2), 113–131. <https://doi.org/10.24270/tuum.2020.29.6>
- Juutinen, J. (2018). *Inside or outside?: Small stories about the politics of belonging in preschools*. University of Oulu.
- Karademir, A., Cingi, M. K., Dereli, F. og Akman, B. (2017). Quality in preschool education: The views of teachers and assistant teachers. *Bayburt Eğitim Fakültesi Dergisi*, 12(23), 7–33. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED577320.pdf>
- Kennedy, B. (2007). *Barnfri tid, vad er det?* Tidningen, 4. Lärarforbundet.
- Kingdon, Z. og Gasper, M. (2020). Role-play and emotions: A Vygotskian analysis. Í Z. Kingdon (ritstjóri), *A Vygotskian analysis of children's play behaviours: Beyond the home corner* (bls. 23–36). Routledge.
- Kristín Karlsdóttir, O'Brien, L. og Jóhanna Einarsdóttir. (2019). Do children learn through play? How do we know? Í S. Garvis, H. Harju-Luukkainen, S. Sheridan og P. Williams (ritstjórar), *Nordic families, children and early childhood education* (bls. 37–60). Palgrave Macmillan.
- Kristín Karlsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020). Mat á námi og vellíðan barna: Lærdómur af samstarfsrannsókn í fimm leikskólum. *Sérít Netlu 2020 – Mat á námi og vellíðan barna í leikskóla*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.1>
- Laevers, F. (2017). How are children doing in ECEC? Monitoring quality within a process-oriented approach. Í N. Klinkhammer, B. Schäfer, D. Harring og A. Gwinner (ritstjórar), *Monitoring quality in early childhood education and care experiences from selected countries* (bls. 177–200). Germany Youth Institute.
- Lärarforbundet. (2015). *Ansvarsfördelning, planeringstid och barnfri tid i förskolan i Värghårda*. Ansvarsfördelning, planeringstid och barnfri tid i förskolan i Värghårda | Lärarförbundet Värghårda (lararforbundet.se)
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising article 12 of the United Nations Convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. <https://doi.org/10.1080/01411920701657033>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- MacDonald, N. (2022). What is play? Í J. Waters-Davies (ritstjóri), *Introduction to play* (bls. 3–13). Sage.
- Manning, M., Garvis, S., Fleming, C. og Wong, T. W. G. (2017). The relationship between teacher qualification and the quality of the early childhood care and learning environment. *Campbell Systematic Reviews*, 13(1), 1–82. <https://doi.org/10.4073/csr.2017.1>
- Menntamálastofnun. (e.d.). *Aðalnámskrá leikskóla* [breyttur kaflí 7 samkvæmt auglýsingu nr. 897/2023]. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnskr_leiksk_2012.pdf
- Rinaldi, C. (2021). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning* (2. útgáfa). Routledge.

- Sara M. Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Vellíðan barna í leikskóla: Samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Námsvið leikskóla og grunnþettir menntunar* (bls. 31–56). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Sérrið Netlu 2017 – Innsýn í leikskólastarf*. http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf
- Storli, R. og Hansen Sandseter, E. B. (2019). Children's play, well-being and involvement: How children play indoors and outdoors in Norwegian early childhood education and care institutions. *International Journal of Play*, 8(1), 65–78. <https://doi.org/10.1080/21594937.2019.1580338>
- Utdanningsforbundet. (2018). *Undersøkelse blant pedagogiske ledere og barnehagelærere*. <https://www.utdanningsforbundet.no/globalassets/lonn-og-arbeidsvilkar/arbeidstid/undersokelse-blant-pedagogiske-ledere-og-barnehagelarere.pdf>
- Waters-Davies, J. (2022). Children's right to play. Í J. Waters-Davies (ritstjóri), *Introduction to play* (bls. 14–25). Sage.
- Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum* (3. útgáfa). Sage.
- Wood, E. (2014). The play-pedagogy interface in contemporary debates. Í L. Brooker, M. Blaise og S. Edwards (ritstjórar), *The SAGE handbook of play and learning in early childhood* (bls. 145–156). Sage.



Sara M. Ólafsdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2024). Undirbúningstími í leikskólum: Hagur barna
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2024/alm/03>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2024/3>